

Kæra foreldri/forsjáraðili,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 2. – 5. bekk 14 spurninga sem meta ánægju af lestri, vellíðan í skólanum og ánægju með skólann og matinn. Dæmi um spurningu um ánægju af lestri er: „Hvað finnst þér um að lesa í skólanum“, dæmi um spurningu um vellíðan í skólanum, er: „Þegar ég er í skólanum er ég hamingjusamur / hamingjusöm“ og dæmi um spurningu um ánægju með skólann er „Þegar ég er í skólanum finnst mér margt vera spennandi“.



A screenshot of a Garfield-based survey interface. At the top, there is a question in Icelandic: "Hvað finnst þér um að lesa bók í frístundum?". Below the question are four cartoon illustrations of Garfield in different poses, each with a speech bubble icon below it. The first illustration shows Garfield with arms raised, labeled "Mjög skemmtilegt". The second shows him standing with arms crossed, labeled "Frekar skemmtilegt". The third shows him sitting and hugging his knees, labeled "Frekar leiðinlegt". The fourth shows him sitting with legs spread wide, labeled "Mjög leiðinlegt". Each label has a small green speech bubble icon next to it.

Nemendur svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils á netinu í skólanum með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd). Allir nemendur svara könnuninni í október og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Petta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistans. Ef þú ert mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.